

**100. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
14. janúar 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Ása Katrín Bjarnadóttir varamaður, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Sviðsstjóri var í símasambandi á fundinum.

**Fyrir tekið:**

**1. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur mætir á fundinn.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Stefáni Gíslasyni og Sindra Birgissyni umhverfisstjóra góða kynningu. Umhverfisstjóra falið að halda áfram að vinna að mótun umhverfisstefnu í samræmi við umræður á fundinum.*

**2. 1901202 - Laugarbraut 6 Bjarnalaug - framkvæmdir**

Alfreð Þór Alfreðsson fer yfir framkvæmdir í Bjarnalaug.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Alfreði Þór Alfreðssyni góða yfirferð um framkvæmdir við Bjarnalaug. Jafnframt leggur ráðið áherslu á að framkvæmdir vegna þaks verði flýtt eins og kostur er.*

**3. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir**

Karl Jóhann Haagensen kynnir framkvæmdir við fimleikahúsið.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Karli Jóhanni Haagensen verkefnastjóra góða yfirferð á stöðu framkvæmda við fimleikahúsið.*

**4. 1701350 - Ísland ljóstengt 2017 - ljósleiðari**

Drög að samningi við Mílu lagður fram.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi samning við Mílu vegna vinnu við ljósleiðara fyrir ofan þéttbýli Akraneskaupstaðar.*

**5. 1812183 - Vatnasvæðanefnd - tilnefning fulltrúa í nefndina**

Beiðni Umhverfisstofnunar um að Akraneskaupstaður tilnefni fulltrúa sveitafélagsins vatnasvæðanefnd.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að tilnefna Sindra Birgisson sem fulltrúa Akraneskaupstaðar í vatnasvæðanefnd.*

**6. 1812053 - Matarvagn - fyrirspurn til byggingarfulltrúa**

Umsókn um matarvagn við Jaðarsbakka.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Stefáni Þór Steindórssyni byggingarfulltrúa góða kynningu á málinu. Byggingarfulltrúa er falið að vinna málið áfram í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum.*

**7. 1901196 - Sementsreitir - uppbygging**

Sviðsstjóri fór yfir mismunandi kosti varðandi uppbyggingu á Sementsreitnum. Skipulags- og umhverfisráð telur mikilvægt að fyrir liggi sem fyrst ákvarðanataka um með hvaða hætti verði staðið að uppbyggingu svæðisins. Ennfremur að fyrir liggi aðkoma ríkisins vegna Faxabrautar þ.e. grjótvörn og uppbyggingar á henni.

**8. 1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting**

Breyting á aðalskipulagi Akraness vegna 3. og 4. áfanga Skógarhverfis, deiliskipulagsbreytingar ná til 3. og 4. áfanga Skógarhverfis.

Lögð fram skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi 3. og 4. áfanga í Skógarhverfi. ásamt deiliskipulagsbreytingu í Skógarhverfi 3. og 4. áfanga. Breytingin nær til svæða Íb-13B íbúðarbyggð og O-09 og O-12 opin svæði til sérstakra nota.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:45.**

Ragnar Samundsson

Ása Katrín Bjarnadóttir

Ólafur Þorsteinsson

Stephan Þorsteinsson

Sindri Birgisson

Steinn Þorsteinsson

Safelís Sig. Pét.